

Fundargerð
ÁRSFUNDAR
Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2022

Haldinn mánudaginn 20. júní 2022 kl. 13:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 14, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Garðar Hilmarsson flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Liðið starfsár reyndist vera árangursríkt og hagsælt fyrir Brú lífeyrissjóð en ekki síður viðburðaríkt. Á árinu gætti enn áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á hagkerfi heimsins og sveiflur voru bæði á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Staða faraldursins og framvinda bólusetninga spilaði þar stórt hlutverk. Lágir vextir og bjartsýni um endalok faraldursins höfðu jákvæð áhrif á flesta hlutabréfamarkaði og sjóðurinn naut góðs af því sem og aðrir fjárfestar. Raunávöxtun sjóðsins var 9% og nafnávöxtun nam 14,3%. Þetta er nokkuð yfir meðaltali raunávöxtunar síðastliðinna ára, en 5 ára meðaltalið er 6,5% og 10 ára meðaltalið 5,4%, og þar með yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem er 3,5% en framkvæmdastjóri mun fara betur yfir helstu stærðir sjóðsins síðar á fundinum.

Innrás rússneskra stjórnvalda inn í Úkraínu og viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum munu hafa áhrif á efnahagsþróun heimsins. Ísland er þó betur sett varðandi bein efnahagsáhrif en ýmis önnur ríki og ólíklegt virðist að efnahagsbatinn sem hófst á síðasta ári snúist upp í samdrátt. Áhrif stríðs eru og verða gríðarleg og mun óvissan sem ríkir velta bæði á þróun atakanna sjálfra og stöðunni sem uppi verður í Úkraínu, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi að þeim loknum. Miklar sveiflur eru á viðskiptamörkuðum heimsins og verð á margvíslegri hrávöru hefur rokið upp enda eru Rússar og Úkraínumenn stórir útflytjendur slíkrar vöru. Hækkun á hrávöru- og orkuverði mun að öðru óbreyttu þrýsta verðbólguhorfum upp á við. Ávöxtun sjóðsins á fyrstu mánuðum þessa árs endurspeglar þennan veruleika.

Sjálfbærni verður sífellt mikilvægari þáttur í rekstri og fjárfestingum Brúar lífeyrissjóðs og nú í ár birtir sjóðurinn í fyrsta skipti sjálfbærnisráðgjöf og sjálfbærniuppgjör samhliða ársskýrslu. Hafin er vinna með sjálfbærnisráðgjöfum til að styðja sjóðinn enn frekar í uppbyggingu þekkingar á sjálfbærni og innleiðingu hennar í starfseminni allri. Kolefnisspor sjóðsins var í fyrsta sinn reiknað fyrir árið 2021 í umhverfisstjórnunarkerfi Klappa og nemur 14,2 tonnum koltvísyringsígilda. Brú lífeyrissjóður hefur kolefnisjafnað rekstur sinn fyrir árið 2021 með mótvægisáðgerðum á vegum Kolviðar.

Í nóvember 2021 skrifaði sjóðurinn undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um að fjárfesta fyrir 323 milljónir Bandaríkjadala eða rúmlega 42 ma.kr. í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Í eignasafni Brúar eru nú þegar fjárfestingar fyrir rúmlega 12 ma.kr. sem skilgreindar eru sem grænar fjárfestingar hjá CIC. Vaxandi áhersla á grænar fjárfestingar er í samræmi við stefnu Brúar um ábyrgar fjárfestingar. Brú lífeyrissjóður er einn af þrettán íslenskum lífeyrissjóðum sem hafa undirritað yfirlýsinguna en með henni hafa sjóðirnir staðfest vilja sinn til að auka sjálfbærar fjárfestingar og styðja þannig eindregið við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Á hverju ári hefur sjóðurinn tekið markviss skref til frekari innleiðingar á UFS-viðmiðum í fjárfestingum sjóðsins en við mat á fjárfestingarkostum er lögð aukin áhersla á greiningu á umhverfis-, félags- og stjórnarháttum án þess að slá af kröfunni um arðbærni fjárfestinga.

Á árinu hlaut sjóðurinn jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85 staðlinum. Vottunin nær til alls starfsfólks sjóðsins. Vottunin leiddi í ljós að það er enginn óútskýrður kynbundinn launamismunur hjá sjóðnum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti þann 22. desember 2021 tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur. Breytingar á forsendum reiknigrunnisins ganga út á að reikna lífslíkur út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu fortíðar. Áhrifin af þessum breytingum eru þau að gert er ráð fyrir lengri lífslíkum sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóða þar sem þeir greiða eftirlaun til æviloka.

Allir lífeyrissjóðir landsins verða að taka tillit til breyttra forsendna um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Brú lífeyrissjóður hefur þegar innleitt nýju forsendurnar í tryggingafræðilegri athugun fyrir árið 2021.

Þá voru forsendur um mat á örorkutíðni í A og V deild hækkaðar þar sem aukning örorkuskuldbindinga hefur verið umfram fyrri forsendur nú þrjú ár í röð. Síðar á fundinum verður farið yfir áhrif nýrra forsenda á deildir sjóðsins.

Áhrif Covid-19 setti aftur sitt mark á starfsemi ársins 2021 en vegna sóttvarnaraðgerða var móttaka sjóðsins lokað stóran hluta af árinu. Starfsfólk sjóðsins vann heiman frá sér og afgreiðsla erinda fór fram í gegnum síma eða á netinu og sýndu sjóðfélagar stöðunni mikinn skilning. Rekstur skrifstofunnar gekk engu að síður vel en á undanförunum árum hafa stór skref verið tekin í stafrænum lausnum sem komu sér vel í aðstæðum sem þessum. Starfsfólk sjóðsins býr yfir viðamikilli reynslu og þekkingu sem gagnast vel þegar sinna þarf krefjandi og flóknum verkefnum. Ég, fyrir hönd stjórnar, þakka starfsfólki sjóðsins fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf.

Í lok apríl lést Benedikt Þór Valsson varaformaður sjóðsins en hafði setið í stjórn sjóðsins frá 2014. Hann var stjórnarformaður sjóðsins á árunum 2019 til 2021 og varaformaður frá 2021. Benedikt var afar vel liðinn meðal stjórnar- og starfsfólks sjóðsins enda með ljúfa lund og vel að sér í málefnum sjóðsins. Reynsla, þekking, stuðningur og fagmennska einkenndi hans störf sem var ómetanlegt í flóknum rekstri sjóðsins. Við vottum fjölskyldu hans og vinum okkar innilegustu samúð.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og nefndum sjóðsins samstarfið.

Nú legg ég þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir og bið ég Þóru að taka við fundarstjórn.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins og í Morgunblaðinu þann 2. júní. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur 2021

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2021 og greindi jafnframt frá því að hann væri birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Árs- og sjálfbærnisýrsla sjóðsins er nú í fyrsta sinn gefin út í vefútgáfu í ár. Þar gefst lesendum tækifæri á að skoða tölulegar upplýsingar Brúar með gagnvirkum hætti fyrir sjóðinn í heild sinni og fyrir hverja deild. Markmiðið með vefútgáfu skýrslunnar er að upplýsingarnar séu settar fram á einfaldan, skýran og upplýsandi hátt.

Liðið starfsár reyndist vera árangursríkt og hagsælt fyrir sjóðinn. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok nam 342,0 ma.kr. en var 287,8 ma.kr. í lok árs 2020 og hækkaði því um 54,1 ma.kr. milli ára sem samsvarar 14,3% nafnávöxtun og 9,0% raunávöxtun.

Brú starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A og V deild og svo B deild sem samanstendur af sjö réttindasöfunum sem eru með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélaga.

Virkir sjóðfélagar voru 20.757 að meðaltali á árinu 2021 og fjölgaði þeim um 553 í A deild og 321 í V deild en í B deild fækkaði þeim um 23, en um 116 þúsund einstaklingar áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2021. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum, í A deild um 727, í V deild um 194 og í B deild um 52. Í árslok 2021 voru lífeyrisþegar hjá Brú lífeyrissjóði samtals 10.067 samanborið við 9.094 í árslok 2020.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyri kom fram að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2021 voru 18,3 ma.kr. og hækkuðu um 2,0 ma.kr. milli ára eða 12,6%. Sérstök aukaframlög á árinu voru 2,7 ma.kr. samanborið við 2,6 ma.kr. 2020. Lífeyrisgreiðslur á árinu 2021 voru 8,7 ma.kr. og hækkuðu um 1,1 ma.kr. frá fyrra ári eða um 15,0%. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 71,5% af greiddum lífeyri á árinu, örorkulífeyrir 20,6% og makalífeyri 6,3%.

Fjárfestingatekjur voru 42,6 ma.kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 14,4 ma.kr. frá fyrra ári. Hagfelld ár er að baki og var ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum áfram mjög góð og skilaði 31,2 ma.kr. í fjárfestingatekjur samanborið við 12,9 ma.kr. á árinu 2020. Hafa þarf þó í huga að gangvirðisbreytingar eignahluta eru að mestu leyti óinnleystar tekjur eða 30,6 ma.kr. Innlendir skuldabréfamarkaður skilaði einnig ágætri ávöxtun á árinu samhliða lækkun raunvaxta og voru tekjur af skuldabréfum og sjóðfélagalánum 11,3 ma.kr., svipuð fjárhæð og á árinu 2020.

Fjárfestingagjöld voru 81,3 m.kr. og hækkuðu um 2,6 m.kr. á milli ára. Breytingar á fyrirkomulagi eignastýringar á undanförunum árum hafa skilað sér í lægri fjárfestingargjöldum, en öll innlend stýring er innan sjóðsins. Óbeinar fjárfestingaþóknar eru áætlaðar um 903,1 m.kr. og hækka um 439,2 m.kr. á milli ára meðal annars af hærri meðalstöðu í erlendum sjóðum.

Rekstrarkostnaður ársins var um 589,2 m.kr. og hækkaði um 29,5 m.kr. milli ára. Launakostnaður er um 75% af rekstrarkostnaði og hækkaði um kr. 32,5 m.kr. milli ára sem skýrist af hækkun launa vegna kjarasamninga, fjölgun starfsmanna og hækkun áfallins orlofs. Kostnaður vegna upplýsingatækni lækkaði um 12,3 m.kr. frá fyrra ári en ýmis verkefni sem voru á áætlun eru ólokin eða ekki hafin.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins í lok árs 2021 var 342,0 ma.kr. og hækkaði um 54,1 ma.kr. milli ára. Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 331,3 ma.kr. í lok árs 2021 og hækkaði um 52,4 ma.kr. á árinu. Þar af hækkaði hlutabréfaeign sjóðsins um 53,7 ma.kr. og skuldabréfaeign um 0,7 ma.kr. Bundnar bankainnstæður lækkuðu hins vegar um 2,0 ma.kr. milli ára og voru engar í lok árs 2021.

Kröfur og aðrar eignir í árslok 2021 eru 1,9 ma.kr. sem er svipað og var í árslok 2020 og er stærsti hluti krafna iðgjaldakröfur. Sjóður og veltiinnlán voru 9,2 ma.kr. í árslok 2021 en 9,1 ma.kr. í lok árs 2020. Skuldir í árslok voru 0,4 ma.kr. en 2,1 ma.kr. í árslok 2020.

Ávöxtun ársins 2021 var mjög góð og besta raunávöxtun sjóðsins síðan 2003. Meðalraunávöxtun sjóðsins á árinu 2021 var 9,0%, síðustu 5 ára 6,5% og síðustu 10 ára 5,4%. Raunávöxtun A og V deildar á árinu 2021 var 9,1% en 6,7% í B deild. Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama, þar sem eignum deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa meira.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárlíðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárlíður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.

3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar sjóðsins í árslok 2021.

Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað sér en tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem háðar eru óvissu.

Helstu forsendur útreikninga tryggingafræðilegra athugana eru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998. Mikilvægustu forsendurnar eru vextir og lífslíkur.

Helstu breytingar á árinu eru þær að reiknigrunnur um lífslíkur er breyttur, mat á örorkutíðni A og V deildar hefur hækkað og núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar telst nú til skuldbindinga en var áður til frádráttar eignar.

Þann 22. desember 2021 staðfesti Fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunns um lífslíkur. Breytingarnar snúast um að reikna lífslíkur út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu fortíðar. Áhrifin eru þau að gert er ráð fyrir meiri lífslíkum sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóða þar sem þeir greiða eftirlaun til æviloka. Allir lífeyrissjóðir verða að taka tillit til breyttra forsenda um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Brú

Lífeyrissjóður innleiddi nýjar forsendur fyrir allar deildir sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun fyrir árið 2021.

Þá hafa forsendur um mat á örorkutíðni A og V deildar verið hækkaðar frá því sem var í athugun fyrri ára. Áður var miðað við 57% af meðaltals nýgengi örorku fyrir karla og 75% fyrir konur en undanfarin þrjú ár hafa áfallnar örorkuskuldbindingar hækkað verulega umfram þessar forsendur. Í athugun ársins 2021 er því miðað við 65% af meðaltali nýgengi örorku fyrir karla og 85% fyrir konur.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar A deildar í árslok 2021 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2021 var 206,9 ma.kr. og hækkaði um 24,8 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2021 var 253,4 ma.kr. og hækkaði um 45,1 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 23,4 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 39,8 ma.kr. eða um 8,0% af heildarskuldbindingunni.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2021 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2021 var 52,8 ma.kr. og hækkaði um 12,2 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2021 var 51,1 ma.kr. og hækkaði um 10,7 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 1,7 ma.kr. lægri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 9,2 ma.kr. eða um -7,4% af heildarskuldbindingunni.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar B deildar í árslok 2021 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2021 var 66,8 ma.kr. og hækkaði um 5,0 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 15,9% í árslok 2021. Heildareignir voru 57,5 ma.kr. og heildarskuldbindingar 68,3 ma.kr. og nemur því hallinn 10,9 ma.kr. eða um eða um 15,9% af heildarskuldbindingunni. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 41,1 ma.kr.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2022 og benti einnig á að stefnan í heild er birt á heimasíðu sjóðsins en þar er einnig að finna upplýsingar um mánaðarlega eignastöðu sjóðsins.

Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu með það að markmiði að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Áhersla er lögð á að byggja upp eignir sjóðsins með faglegum hætti og vanda til þeirrar vinnu sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og fjárfestingastefnu, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári.

Í stefnu um ábyrgar fjárfestingar er horft til svokallaðra UFS þátta (e.ESG) við fjárfestingarákvarðanir. Áhersla er lögð á grænar fjárfestingar samanber viljayfirlýsingu gagnavart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um fjárfestingu fyrir 323 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmlega 42 milljarða króna, í verkefnum sem tengjast hreinni orku og loftlagstengdum verkefnum fram til ársins 2030. Nú þegar nema fjárfestingar sjóðsins rúmlega 12 ma.kr. sem flokkast undir skilgreiningu slíkra grænna fjárfestinga.

Hluthafastefna sjóðsins endurspeglar áherslur sjóðsins hvað varðar góða og ábyrga stjórnarhætti og viðmið um beitingu atkvæða á hluthafafundum. Upplýsingar eru birtar á vef sjóðsins um hvernig sjóðurinn hefur greitt atkvæði á hluthafafundum í hverju skráðu félagi fyrir sig.

Horft er til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2022 fyrir A og V deild að auka áfram við eignir í erlendum hlutabréfum og fer vægi þess eignaflokks í 27% og vægi innlendra hlutabréfa í 14%. Hlutfall fjárfestinga í innlendum skuldabréfum og innlánum dregst á móti saman og fer í 40%. Vægi fasteignaveðtryggðra skuldabréfa breytist lítið og er 13% og eins er vægi fagfjárfestasjóða óbreytt í 7%. Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild dregst þannig saman og fer úr 66% í 53% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestasjóða eykst og fer úr 34% í 47%.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnunni dregst hlutfall skuldabréfa og innlána hjá B deild saman og fer úr 72% í 64% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða hækkar úr 28% í 36%. Þannig er horft til þess í stefnunni að auka áfram við eignir í hlutabréfum en vægi innlendra hlutabréfa er 14% og erlendra hlutabréfa 22%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.

5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Núverandi stjórn tók til starfa í desember 2018. Samband íslenskra sveitarfélaga skipaði þrjá stjórnarmenn, Benedikt Þór Valsson sem var varaformaður stjórnar, Auði Kjartansdóttir og Halldóru Káradóttir. Varamenn þeirra eru Sigurður Ármann Snævarr, Halla Margrét Tryggvadóttir og Edda Schram. Benedikt lést nú í vor og tók þá varamaður hans, Sigurður Ármann Snævarr, sæti hans í stjórn. BSRB skipaði tvo stjórnarmenn en það eru Garðar Hilmarsson sem er formaður stjórnar og Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Varamenn þeirra eru Magnús Smári Smáráson og Anna María Gunnarsdóttir. Bandalag háskólamanna skipaði einn stjórnarmann en það er Þorkell Heiðarsson og varamaður hans er María Rúnarsdóttir. Kjörtíma núverandi stjórnar líkur á þessu ári og ný stjórn mun þá taka við.

Endurskoðunarnefnd er óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Karl Björnsson formaður, Birgir Björn Sigurjónsson og Garðar Hilmarsson.

Nefndarmenn áhættunefndar eru þau Birgir Björn Sigurjónsson formaður og Halldóra Káradóttir, þeir sömu og á árinu 2020.

6. Kynning á breytingum samþykka sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttindasviðs, greindi frá því að stjórn samþykkti breytingar á samþykktum sjóðsins þann 17. maí 2021 og tóku þær gildi þann 3. nóvember 2021.

Breytingar urðu á 3. grein þar sem nánar er skerpt á umfjöllun um hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna geti verið afturkallað. Samhliða voru gerðar breytingar á ákvæðum í B deild til að heimila að viðmið lífeyris sem fylgja eftirmannsreglu fari yfir á meðaltalsreglu þegar störf hafa verið lögð niður hjá launagreiðenda. Einnig voru gerðar viðbætur við grein 11.5 um jafna ávinnslu örorkulífeyrisþega og orðalagsbreyting gerð á greinum 35.3, 35.4, 35.5 og viðauka 8 um reiknireglur vegna B deildar.

7. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og erindi og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 14:00.

Póra Jónsdóttir, fundarstjóri

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari